

1251. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 16. ágúst 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Halla Gunnarsdóttir.

Fjarverandi: Þorvarður Bergmann Kjartansson.

Næsti fundur: 13. september 2023.

Gestur fundarins: Herdís Rán Magnúsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs VR.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið til fyrsta fundar að loknu sumarleyfi.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1250. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1250. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kynning á mannauðssviði VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Mannauðssvið VR“ til kynningar. Herdís Rán Magnúsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs VR, kom inn á fundinn og fór yfir skipulag og verkefni sviðsins.



Herdís fór yfir starfsfólk sviðsins og verkefni þess en um er að ræða nýtt svið sem varð til þegar þjónustu- og mannauðssviði var skipt upp á síðasta ári. Fimm starfa á sviðinu þar sem haldið er utan um mannauðsmál, skrifstofuhald, fasteignaumsjón, gæða- og skjalamál og mötuneyti. VR er með skrifstofur í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsfólk er um 70 talsins, 62% konur og 38% karlar. Hjá félaginu er unnið samkvæmt stefnum um starfsmannamál, jafnrétti, heilsu, upplýsingaöryggi og persónuvernd auk þess sem samþykkt hefur verið stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni. Þjónustustefna, bæði innri og ytri, var samin af starfsfólki fyrir nokkrum árum og er sú stefna höfð að leiðarljósi enn þann dag í dag. Stefnan leggur ekki eingöngu línurnar um þjónustu við félagsfólk heldur einnig samskipti og hegðan starfsfólks.

Lögð er áhersla á virkni starfsfólks og þátttöku. Haldnir eru mánaðarlegir starfsmannafundir og iðulega vikulegir fundir sviða. Öryggismál eru tekin föstum tókum á skrifstofunni.

VR tekur þátt í árlegri könnun um Fyrirtæki ársins og er í hópi Fyrirmyndarfyrirækja árið 2023. Einkunnir félagsins fyrir marga þætti, eins og stjórnun, launakjör, vinnuskilyrði og ánægju og stolt í starfi, eru hærri en meðaltal fyrirtækja af sama stærðarflokki.

Sálfélagslegt áhættumat var unnið á síðasta ári og eru niðurstöður mjög jákvæðar. Álag er nokkuð hjá starfsfólki og verkefnin krefjandi en stuðningur er mikill og samvinna góð á vinnustaðnum.

VR lauk jafnlaunavottun fyrr á þessu ári, lokaúttekt var gerð á vormánuðum og vottun staðfest í lok mars. Óútskýrður launamunur er enginn á vinnustaðnum.

Umræður

Að loknum umræðum var Herdísí þakkað fyrir og yfirgaf hún fundinn kl. 18:25.

3. Íslandsbankamálið – samþykkt milli funda

Fyrir fundinum lá skjalið „Fundur með Íslandsbanka 6. júlí 2023“ til kynningar. Jafnframt var vísað til yfirlýsingar stjórnar um málefni Íslandsbanka sem samþykkt var á milli funda.

Stjórn VR samþykkti, með tölvupóstsamskiptum, yfirlýsingu sem birt var á vef félagsins þann 29. júní 2023 og er birt í heild sinni hér að neðan:

„Yfirlýsing stjórnar VR vegna einkavæðingar Íslandsbanka

Stjórn VR telur yfirstandandi einkavæðingu Íslandsbanka vera áfellisdom yfir öllum sem að henni komu. Stjórnvöld ákváðu að einkavæða bankann í trássi við þjóðarvilja og þau bera ábyrgð á niðurstöðunni. Skeytingarleysi stjórnenda Íslandsbanka gagnvart lögum og reglum gefur innsýn í menningu íslenska fjármálakerfisins, sem virðist fáa lærdóma hafa dregið af hruninu. Yfirlýsingar fráfarandi bankastjóra og stjórnarformanns gefa litla von um að breytingar séu í vændum á vinnubrögðum bankans, þvert á móti virðast stjórnendur telja að gagnrýni á þeirra störf sé óvægin og ósanngjörn.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að gera breytingar á bankakerfinu. Bankar eiga að þjóna samfélaginu og vera bakhjarl fyrir heimili, einstaklinga og fyrirtæki. Stjórn VR skorar á stjórnvöld að falla frá frekari áformum um sölu á eignarhlut í Íslandsbanka. Samhliða beiti stjórnvöld eignarhaldi sínu í Landsbankanum til að byggja upp banka sem þjónar fólkinu í landinu, býður ásættanleg lánakjör og skjól frá spillingu fjármálakerfisins og hárrí arðsemiskröfu. Landsbankanum er þannig hægt að breyta í samfélagsbanka.

Brot Íslandsbanka við sölumeðferð á eignarhlut ríkisins í bankanum eru með öllu óásættanleg. Orð eru ekki nóg og það dugar ekki að fórna bankastjóranum og halda svo áfram á sömu braut. Stjórn VR mótmælir því að einstaklingar geti gerst brotlegir við lög og reglur en þurfi ekki að bera af því kostnaðinn heldur séu himinháir reikningar sendir í formi sekta á fyrirtæki, sem neytendur greiða á endanum. Stjórn bankans telur málið það lítilvægt að nóg sé að boða til hluthafafundar rúmum mánuði eftir að upplýst var um alvarleg lögbrot. Við köllum eftir því að stjórn bankans og það starfsfólk sem ábyrgð ber á lögbrotum axli þá ábyrgð og biði þjóðina afsökunar á háttsemi sinni. Hér þarf bæði kerfis- og kúltúrbreytingar. Fyrsta skrefið er að bankinn sýni vilja til að takast á við þessa þætti.

VR hefur átt í miklum viðskiptum við Íslandsbanka og forvera hans síðustu ár. Ef haldið verður áfram á sömu braut og stjórn bankans axlar ekki sína ábyrgð mun stjórn VR taka til ítarlegrar skoðunar að slíta viðskiptum við Íslandsbanka.

Stjórn VR
29. júní 2023“

Ragnar Þór sagði yfirlýsingu stjórnar hafa haft áhrif í umræðunni og sett þrýsting á stjórn bankans. Það sé stjórnar VR að meta stöðuna nú og hver næstu skref félagsins eigi að vera.

Hann skýrði frá því að á fundi miðstjórnar ASÍ í dag [16. ágúst 2023] hafi komið fram tillaga um að hætta viðskiptum við Íslandsbanka og leita tilboða hjá öðrum bönkum í viðskipti sambandsins. Þessi tillaga hafi verið samþykkt.

Ragnar sagðist telja að bankinn hafi brugðist við þrýstingi og gagnrýni frá VR, bankinn hefði gengið lengra en ella hefði ekki komið til þessi gagnrýni VR. Hann sagði traust til fjármálakerfisins ekki hafa aukist, allir bankarnir hafi að baki gagnrýniverða hegðun.

Ragnar taldi að nú gæti verið tímabært að leita tilboða til bankanna í þjónustu við VR, að undangenginni vinnu innan VR við að skilgreina þær kröfur og krítériur sem félagið vill leggja áherslu á í slíku útboði. Mikilvægt væri að gera þetta heildstætt, þar með talið hvað varðar áhættumeningu bankanna og siðferði. Þetta snúist ekki bara um kjör heldur hverjum félagið treysti til að starfa eftir leikreglum á markaði.

Umræður

Miklar umræður urðu um næstu skref VR í viðskiptum við Íslandsbanka og innan fjármálageirans í heild sinni. Umræða var mikil um hvort bankinn hafi brugðist við á

ásættanlegan hátt, eins og VR gerði kröfu um í þeirri yfirlýsingu sem félagið sendi frá sér og er birt að ofan.

Ragnar Þór lagði þrjár tillögur fyrir fundinn

1. Að slíta viðskiptum við Íslandsbanka og leita annað.
2. Að leita tilboða í viðskipti VR, enginn banki undanskilinn.
3. Að láta staðar numið hér.

Greidd voru atkvæði um tillögu #1, að slíta viðskiptum við Íslandsbanka, þar sem hún gengur lengst af tillögunum þremur.

Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar urðu þær að meirihluti, eða 8 stjórnarmenn, greiddu atkvæði með tillögunni. Fimm greiddu atkvæði gegn henni. Tillagan telst samþykkt með meirihluta atkvæða.

4. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fór minnti á þing ASÍ-Ung sem haldið verður í lok september og minnti á að síðasti skráningardagur á þingið er 25. ágúst næstkomandi.

Hann benti jafnframt á að framundan væri þing Landssambands Ísl. verzlunarmanna þar sem dagskráin væri afar áhugaverð en þingið verður haldið dagana 19. - 20. október.

Ragnar greindi frá því helsta sem rætt var á fundi miðstjórnar ASÍ í dag [16. ágúst 2023], að undanskildu því sem þegar er komið fram varðandi Íslandsbanka (sjá lið #3) að ofan. Hann sagði heitar umræður hafa verið um skörun stéttarféлага sem hafi aukist undanfarin ár. Í kjölfar sameiningar sveitarféлага hafi stéttarfélög breytt félagssvæðum sínum sem hafi leitt til skörunar.

Á fundinum var umræða um kröfur á stjórnvöld í komandi kjaraviðræðum og sameiginlegar kröfur verkalýðshreyfingarinnar á hendur atvinnurekendum. Ragnar sagði brýnt að taka ákvörðun um forgangsröðun mála. Rætt var um samninganefnd hreyfingarinnar í þessum málum, hvort hún verði formenn stærstu stéttarféлага eða miðstjórn ASÍ. Tillaga hafi komið fram um að hvor hópur um sig hafi skilgreint hlutverk, ýmist gagnvart stjórnvöldum eða atvinnurekendum. Ragnar Þór sagði mestu skipta hins vegar að félögin vinni saman í næstu samningum. Verður væntanlega rætt áfram á næsta fundi miðstjórnar.

Á fundi miðstjórnar var einnig rætt um tillögur um breytingar á húsaleigulögum sem Ragnar telur ekki ganga nógu langt í réttarbót fyrir leigjendur. Þessum tillögum hafi verið þrýst í gegn á fundi miðstjórnar í síðasta mánuði án þess að tekið hafi verið tillit til þess að andstaða hafi verið við þær. Verður rætt áfram eftir samtal við forseta ASÍ, sagði Ragnar.

Hvað varðar kjarasamningana sagði Ragnar að stjórn og samninganefnd verði að vera reiðubúin að koma inn af fullum krafti í komandi viðræður, félagið þurfi að undirbúa sig fyrir að vera í lykilhutverki í að leiða næstu viðræður, hvort sem það verði í samstarfi við önnur

félög eða ekki. Hann kvaðst vera búinn að koma þeim skilaboðum til Samtaka atvinnulífsins og ríkissáttasemjara að skammtímasamningur sé ekki inni í myndinni.

Umræður.

Ragnar Þór framlengir fundinn til kl. 21:30. Fært til bókar.

5. Leikskólamál í kjölfar hækkunar leikskólagjalda í Kópavogi

Fyrir fundinum lá skjalið „Húðlatt (og rauðeygt) foreldri skrifar um leikskólamál“ til kynningar.

Halla Gunnarsdóttir óskaði eftir umræðum um stöðu leikskólamála í kjölfar ákvörðunar bæjaryfirvalda í Kópavogi að gera breytingar á leikskólagjöldum sem hafa í för með sér umtalsverða hækkun fyrir foreldra. Fyrstu sex dvalartímar barna eru gjaldfríir en mjög hátt gjald er tekið fyrir allt umfram það.

Halla leggur til að félagið sendi frá sér ályktun vegna þessarar ákvörðunar Kópavogsbæjar. Ákvörðunin feli í sér mikla skerðingu á þjónustu leikskóla sem sé grundvöllurinn að atvinnuþátttöku beggja foreldra sem aftur sé grundvöllurinn að afkomu fjölskyldna. Halla bendir á að leikskólamál séu kjaramál og ekki síst jafnréttismál.

Í umræðum í kjölfar ákvörðunar Kópavogs, segir Halla, er iðulega vísað í styttingu vinnuvikunnar og aukið orlof sem rök fyrir breytingunni, en mikilvægt sé að hafa í huga að stytting vinnuvikunnar á hinum almenna vinnumarkaði er mun minni en hjá hinu opinbera og orlofsdagar og ávinnsla orlofs sé önnur. Hið opinbera hafi samið rausnarlega um styttingu og aukið orlofs og lætur eins og það gangi yfir alla, sem sé ekki rétt.

Ekki er hægt að slíta velferð barnanna frá velferð foreldranna á þann hátt sem hér er gert, sagði Halla.

Umræður

Að loknum umræðum var samþykkt að unnin verði drög að ályktun frá stjórn sem borin verði undir stjórnarfolk.

6. VR-Blær leigufélag – staða á framkvæmdum og fjármögnun

Fyrir fundinum lá skjalið „VR Blær leigufélag kynning fyrir stjórn 16. ágúst 2023“ til kynningar.

Ragnar Þór óskaði stjórn VR til hamingju með verkefni VR-Blæs leigufélags við Silfratjörn í Úlfarsárdal, en fyrsta skóflustungan að leiguíbúðum fyrir félagsfolk VR var tekin 10. ágúst.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir stöðu verkefnisins og næstu skref. Um er að ræða 36 íbúðir í tveimur fjölbýlishúsum. Kostnaðaráætlun verksins er nú um 1,9

ma.kr., 30% fjármögnunar er í formi hlutafjár VR, 570 m.kr., en 70% í formi lánsfjár. Verkefnið verður fjármagnað með langtímafjármögnun þegar því er lokið. Kjör langtímafjármögnunar ráðast af markaðsástæðum og fjárhæð leigu ræðst að stóru leyti af þeim kjörum og bindingu vaxta.

Samningsfjárhæð er föst en tekur verðbreytingum skv. byggingavísitölu. VR-Blær leigufélag slhf. leggur til lóðina undir byggingarnar, greiðir hönnun og öll opinber gjöld. Bjarg íbúðarfélag sér um alla framkvæmd við byggingu og hönnun á húsinu og mun sjá um rekstur og samskipti við leigjendur. Áfhending er áætluð um áramót 2024 / 2025. Vinna við úthlutunarreglur er á borði húsnæðisnefndar VR.

Umræður.

Halla Gunnarsdóttir fer af fundi um kl. 21:00.

5. Val á fulltrúum á LÍV þing 19.-20. október 2023

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað til stjórnar VR vegna vals fulltrúa á þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 19. – 20. október 2023 á Selfossi“ til ákvörðunar.

Stefán fór yfir þær tvær leiðir sem færar eru við val á fulltrúum félagsins á þing LÍV, annars vegar listakosningu og hins vegar einstaklingskjör. Í lögum LÍV er gert ráð fyrir að kosning fulltrúa fari fram á félagsfundum með uppástungum og hefur VR valið sína fulltrúa þannig frá árinu 2015.

Ragnar leggur fyrir fundinn að velja fulltrúa VR á þing LÍV í kosningu á félagsfundum.

Umræður

Samþykkt samhljóða.

6. Reglur um skipun stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna

Fyrir fundinum lágu skjölin „Reglur uppstillinganefndar um skipan stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna“ og „Greinargerð með reglum uppstillinganefndar í stjórn LIVE 2018“ til kynningar. Skjölin liggja milli funda.

Stefán fór yfir reglurnar sem settar voru fyrst árið 2018 og hefur verið fylgt síðan. Ef gera þarf breytingu á reglum mun uppstillinganefnd leggja tillögur fyrir stjórn.

Skjölin liggja milli funda og er fyrirhugaður fundur uppstillinganefndar á þeim tíma.

Undir lok fundarins tilkynnti Fríða Thoroddsen að hún segði sig úr stjórn og að þessi fundur yrði hennar síðast fundur sem stjórnarmaður í VR. Hún þakkaði fyrir gott og ánægjulegt samstarf í stjórn síðustu ár.

Ragnar Þór þakkaði Fríðu fyrir hennar framlag til stjórnar og félagsins alls. Hún hafi komið gríðarlega sterk inn í stjórnina, og ekki síst jafnréttismálin en Fríða var formaður jafnréttisnefndar félagsins.

Stjórnarfolk þakkaði Fríðu samstarfið með lófataki.

Ragnar Þór lýsti því þá yfir að Ævar Þór Magnússon, fyrsti varamaður, taki sæti Fríðu í stjórninni. Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir verður fyrsti varamaður og Tómas Gabriel Benjamín annar varamaður.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.